Neytendasamtökin

Hverfisgötu 105
101 Reykjavík
www.ns.is ns@ns.is
tel. +354 5451200

Hafnarfjarðarbær
Innk: 10/11 2016
Málsnr: 1611123
Bréfal: 105

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar
B/t Haralds L. Haraldssonar
Strandgötu 6
220 Hafbarfirði

Reykjavík 8. nóvember 2017

**Efni: Beiðni um styrkveitingu vegna ársins 2017.**

Með bréfi þessu fara Neytendasamtökin þess á leit við bæjarstjórn Hafnarfjarðar að hún styðji neytendastarf á næsta ári með framlagi til Neytendasamtakanna.

Neytendasamtökin hafa í meira en 60 ár sinnt hagsmunagæslu fyrir neytendur og aðstoðað þá við að leita réttar síns sé á þeim brotið. Félagsmenn eru um 8.000 og standa þeir að mestu undir rekstri starfseminnar með félagsgjöldum sínum. Neytendasamtökin reka leiðbeininga- og kvörtunarþjónustu fyrir neytendur og leigjendur. Neytendasamtökin líta á þessa þjónustu sem samfélagslegt verkefni enda er hún í boði fyrir alla neytendur og leigjendur. Það vantar hinsvegar mikið upp á að framlög frá opinberum aðilum standi undir rekstri þjónustunnar og því fara félagsgjöld félagsmanna að stórum hluta til í þetta verkefni. Í sumum nágrannalanda okkar sinna sveitarfélög slíkri þjónustu og því er ekki óeðlilegt að sveitarfélög hér á landi taki þátt í að greiða að hluta fyrir þessa þjónustu.

Margir virðast halda að Neytendasamtökin séu opinber stofnun og ætlast til margs af þeim. En á meðan krafan um öflug neytendasamtök er hávær fer minna fyrir áhuganum á að styðja við samtökin þannig að þau geti orðið enn öflugri.

Neytendasamtökin sækja því um styrk hjá bæjarstjórn Hafnarfjarðar vegna þeirra þátta í starfsemi sinni sem teljast samfélagsleg verkefni. Miðað er við 5 krónu framlag á hvern íbúa miðað við íbúatölu eins og hún er hjá Hagstofunni. **Því sækja Neytendasamtökin um styrk hjá bæjarstjórn Hafnarfjarðar að upphæð 140.945 krónur vegna starfsársins 2017.**

Virðingarfyllst
f.h. Neytendasamtakanna

Ólafur Arnarson formaður

Meðfylgjandi er ársreikningur Neytendasamtakanna fyrir árið 2015 og skýrsla um starfsemi Neytendasamtakanna 2014-2016.

# Neytendasamtökin

## Ársreikningur 2015

Hverfisgötu 105
105 Reykjavík

Kt. 480269-0559

# Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda ........ 1

Staðfesting kjörinna skoðunarmanna ........ 2

Áritun og skýrsla framkvæmdastjórnar ........ 3

Rekstrarreikningur ........ 4

Efnahagsreikningur ........ 5

Sjóðstreymi ........ 7

Skýringar ........ 8

Sundurliðanir ........ 11

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar Neytendasamtakanna**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Neytendasamtakanna fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun og skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri bera einnig ábyrgð á því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, efnahag þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 26. ágúst 2016

Ingunn H. Hauksd.

Ingunn H. Hauksdóttir
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

# Staðfesting kjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Neytendasamtakanna staðfestum ársreikning 2015 með undirskrift okkar.

Reykjavík, 26. ágúst 2016

Hólmfríður Sveinsdóttir

Ingimundur T. Magnússon

# Áritun og skýrsla framkvæmdastjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Neytendasamtökin eru hagsmunasamtök neytenda á Íslandi. Neytendasamtökin eru sjálfstæð og óháð einstaklingum, félögum, fyrirtækjum, samtökum, stjórnmálaflokkum og opinberum aðilum. Neytendasamtökin skulu ætíð taka afstöðu til mála í samræmi við hagsmuni neytenda óháð öðrum sjónarmiðum. Fjöldi ársverka voru sjö.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var tap ársins 2015 kr. 2.870.449. Hrein eign félagsins í árslok nam kr. 13.808.017. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.

Framkvæmdastjórn Neytendasamtakanna og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. ágúst 2016

Jóhannes Gunnarsson

Framkvæmdastjórn:

Framkvæmdastjóri:

# Rekstrarreikningur 2015

| | Skýr. | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Tekjur af aðalstarfsemi | | 47.079.548 | 49.259.844 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 12.176.119 | 13.687.899 |
| Tekjur vegna ENA verkefnis | | 8.867.503 | 7.416.461 |
| | | 68.123.170 | 70.364.204 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 43.018.732 | 43.692.479 |
| Útgáfu- og dreifingarkostnaður | | 6.698.501 | 6.349.597 |
| Húsnæðiskostnaður | | 6.066.423 | 6.037.091 |
| Innheimtukostnaður | | 1.513.202 | 1.496.878 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 5.502.323 | 7.791.393 |
| Kostnaður vegna ENA verkefnis | | 8.867.503 | 7.416.461 |
| Afskriftir | 4 | 55.715 | 69.644 |
| | | 71.722.399 | 72.853.543 |
| **Rekstrartap** | | (3.599.229) | (2.489.339) |
| **Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld** | | | |
| Vaxtatekjur | | 952.169 | 983.671 |
| Vaxtagjöld | | (57.826) | (19.582) |
| Gengismunur | | (165.564) | 85.747 |
| | | 728.779 | 1.049.836 |
| **Tap ársins** | | (2.870.449) | (1.439.503) |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| Fastafjármunir | Skýr. | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 4 | 222.862 | 278.577 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 222.862 | 278.577 |

| Veltufjármunir | Skýr. | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|
| Viðskiptakröfur og fyrirfram greiddur kostnaður | | 485.736 | 425.431 |
| Aðrar skammtímakröfur | 5 | 1.460.180 | 1.268.780 |
| Handbært fé | | 20.758.930 | 24.134.548 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 22.704.846 | 25.828.759 |

| | | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|
| **Eignir samtals** | | 22.927.708 | 26.107.336 |

# 31. desember 2015

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | 6 | 13.808.017 | 16.678.466 |
| **Eigið fé samtals** | | 13.808.017 | 16.678.466 |
| **Skuldir** | | | |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Aðrar skammtímaskuldir | 7 | 9.119.691 | 9.428.870 |
| **Skammtímaskuldir samtals** | | 9.119.691 | 9.428.870 |
| **Skuldir samtals** | | 9.119.691 | 9.428.870 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 22.927.708 | 26.107.336 |

# Sjóðstreymi 2015

| Handbært fé (til) frá rekstri | Skýr. | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartap | | (3.599.229) | (2.489.339) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna | | 55.715 | 69.644 |
| Aðrir reiknaðir liðir | | (165.564) | 0 |
| Hreint veltufé til rekstrar án vaxta og skatta | | (3.709.078) | (2.419.695) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Hækkun á rekstrartengdum kröfum | | (251.705) | (134.987) |
| (Lækkun) hækkun á rekstrartengdum skuldum | | (309.179) | 2.730.404 |
| Handbært fé (til) frá rekstri án vaxta og skatta | | (4.269.961) | 175.722 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | | 952.169 | 1.069.418 |
| Greidd vaxtagjöld | | (57.826) | (19.582) |
| Handbært fé (til) frá rekstri | | (3.375.618) | 1.225.558 |
| **(Lækkun) hækkun á handbæru fé** | | (3.375.618) | 1.225.558 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 24.134.548 | 22.908.990 |
| **Handbært fé í árslok** | | 20.758.930 | 24.134.548 |

# Skýringar

## 1. Upplýsingar um samtökin

Neytendasamtökin eru hagsmunasamtök neytenda á Íslandi. Neytendasamtökin eru sjálfstæð og óháð einstaklingum, félögum, fyrirtækjum, samtökum, stjórnmálaflokkum og opinberum aðilum. Neytendasamtökin skulu ætíð taka afstöðu til mála í samræmi við hagsmuni neytenda óháð öðrum sjónarmiðum. Lögheimili félagsins er að Hverfisgötu 105, 105 Reykjavík.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Stjórnendur samtakanna hafa metið rekstrarhæfi þeirra og telja að samtökin hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

### Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun ef hún er til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru reiknaðar í samræmi við lög um tekjuskatt.

### Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

### Tekjur

Tekjur af félagsgjöldum og styrktarauglýsingum er færðar þegar þær eru greiddar.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

# Skýringar

## 3. Laun og launatengd gjöld

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Laun | 41.668.098 | 38.306.027 |
| Lífeyrissjóður | 3.726.874 | 3.391.799 |
| Önnur launatengd gjöld | 3.381.012 | 7.026.309 |
| Yfirfært á umsjón með verkefnum | (5.757.252) | (5.031.656) |
| Laun og launatengd gjöld alls | 43.018.732 | 43.692.479 |

Að meðaltali störfuðu um 6,81 starfsmenn hjá félaginu á árinu, en 6,65 árið áður.

## 4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Tölvubúnaður og innréttingar |
|---|---|
| Stofnverð 1/1 | 10.892.301 |
| Afskrifað alls 1/1 | (10.613.724) |
| Afskrifað á árinu | (55.715) |
| Bókfært verð 31/12 | 222.862 |
| Stofnverð alls 31/12 | 10.892.301 |
| Afskrifað alls 31/12 | (10.669.439) |
| Bókfært verð 31/12 | 222.862 |
| Afskriftarhlutföll | 20% |

## 5. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Útistandandi vegna ENA verkefnis | 1.460.180 | 1.268.780 |

## 6. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Óráðstafað eigið fé |
|---|---|
| Eigið fé 1/1 | 16.678.466 |
| Tap ársins | (2.870.449) |
| Eigið fé 31/12 | 13.808.017 |

## 7. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 8.274.773 | 8.551.678 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 844.918 | 877.192 |
| Aðrar skammtímaskuldir samtals | 9.119.691 | 9.428.870 |

## 8. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engin atriði hafa komið fram eftir dagsetningu efnahagsreiknings sem krefjast myndu lagfæringa eða breytinga á ársreikningi ársins 2015.

# Sundurliðanir

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| **Tekjur af aðalstarfsemi** | | |
| Innheimt félagsgjöld ársins | 38.834.300 | 39.418.075 |
| Styrkir og framlög | 8.245.248 | 9.841.769 |
| | 47.079.548 | 49.259.844 |
| **Aðrar rekstrartekjur** | | |
| Seldar styrktarlínur | 11.016.500 | 12.756.000 |
| Seld áskrift | 417.600 | 409.900 |
| Aðrar tekjur | 742.019 | 521.999 |
| | 12.176.119 | 13.687.899 |
| **Tekjur vegna ENA verkefnis** | | |
| Styrkir ríkisins vegna ENA verkefnis | 4.433.752 | 3.708.231 |
| Styrkir frá ESB vegna ENA verkefnis | 4.433.752 | 3.708.231 |
| | 8.867.504 | 7.416.462 |
| **Kostnaður vegna ENA verkefnis** | | |
| ENA verkefni, ferðakostnaður | 1.496.316 | 1.029.661 |
| ENA verkefni, laun og launatengd gjöld | 5.757.252 | 5.031.656 |
| ENA verkefni, annar kostnaður | 1.613.935 | 1.355.144 |
| | 8.867.503 | 7.416.461 |
| **Laun og launatengd gjöld** | | |
| Laun | 41.668.098 | 38.306.027 |
| Ökutækjastyrkur | 17.168 | 32.956 |
| Áunnið orlof, breyting | (738.295) | 3.099.952 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 3.726.874 | 3.391.799 |
| Sjúkra-, orlofs-, & endurmenntunarsjóður | 496.861 | 401.202 |
| Tryggingagjald | 3.399.177 | 3.167.367 |
| Annar starfsmannakostnaður | 206.101 | 324.832 |
| Yfirfært á umsjón með verkefnum | (5.757.252) | (5.031.656) |
| | 43.018.732 | 43.692.479 |
| **Annar rekstrarkostnaður** | | |
| *Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:* | | |
| Sími og burðargjöld | 745.739 | 710.287 |
| Pappír, prentun og ritföng | 32.549 | 198.493 |
| Bækur, blöð og tímarit | 419.763 | 270.184 |
| Auglýsingar og kynningarmál | 169.407 | 128.433 |
| Endurskoðun og reikningsleg aðstoð | 924.074 | 933.017 |
| Aðkeyptur akstur | 2.110 | 25.695 |
| Vátryggingar | 159.403 | 151.059 |
| Kostnaður vegna stjórnarfunda | 159.534 | 208.911 |
| Viðhald áhalda og rekstrarvörur | 205.910 | 304.788 |
| | 2.818.489 | 2.930.867 |

# Sundurliðanir

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| *Erlent samstarf:* | | |
| Erlent samstarf endurgreitt erlendis frá | (1.714.859) | (1.429.132) |
| Erlent samstarf, ferðakostnaður | 1.681.951 | 1.862.492 |
| Erlend félagsaðild | 1.046.244 | 860.622 |
| | 1.013.336 | 1.293.982 |
| *Innra starf og neytendamál:* | | |
| Félags- og aðildargjöld | 50.000 | 25.000 |
| Fundakostnaður | 179.672 | 253.569 |
| Risna og gjafir | 78.448 | 27.515 |
| Kostnaður vegna neytendaþings | 0 | 696.772 |
| Ráðstefnukostnaður | 0 | 10.300 |
| | 308.120 | 1.013.156 |
| *Tölvukostnaður:* | | |
| Kostnaður vegna hugbúnaðar | 781.198 | 1.026.453 |
| Kostnaður vegna tölvubúnaðar | 77.650 | 391.298 |
| Kostnaður vegna heimasíðu | 503.530 | 1.135.637 |
| | 1.362.378 | 2.553.388 |
| | 5.502.323 | 7.791.393 |
| **Útgáfu- og dreifingarkostnaður** | | |
| NBL, prentun, hönnun, setning o.fl | 3.944.433 | 3.986.505 |
| NBL, dreifingarkostnaður | 2.754.068 | 2.363.092 |
| | 6.698.501 | 6.349.597 |
| **Húsnæðiskostnaður** | | |
| Húsaleiga | 5.098.196 | 5.003.397 |
| Rafmagn og hiti | 450.332 | 472.268 |
| Hreinlætiskostnaður | 465.154 | 414.341 |
| Viðhald húsnæðis | 52.741 | 147.085 |
| | 6.066.423 | 6.037.091 |